

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Seiðaástand og stangveiði í Vatnsdalsá 2023 og 2024

Monitoring of salmonide fish stocks in River Vatnsdalsá in 2023 and 2024

Friðþjófur Árnason og Fjóla Rut Svavarsdóttir



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Seiðaástand og stangveiði í Vatnsdalsá 2023 og 2024

Monitoring of salmonid fish stocks in River Vatnsdalsá in 2023 and 2024

Höfundar	Friðþjófur Árnason og Fjóla Rut Svavarsdóttir
Unnið fyrir	Veiðifélag Vatnsdalsár
Verkefnisstjóri	Friðþjófur Árnason
Yfirfarið af	Ingi Rúnar Jónsson
Samþykkt af	Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri Ferskvatns- og eldissviðs

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer	HV 2026-02	ISSN	2298-9137
Dagsetning	janúar 2026	Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	26	Verknúmer	9000

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum seiðarannsóknna og stangveiði í Vatnsdalsá árin 2023 og 2024, auk mælinga á vatnshita. Þéttleiki og ástand seiða var kannað með rafveiðum í Vatnsdalsá í lok ágúst bæði árin. Laxaseiði veiddust á öllum stöðvum í Vatnsdalsá árin 2023 og 2024 og einnig í Tunguá og Álku. Seiðavísitala var almennt um eða undir langtímameðaltali en mikill breytileiki er í þéttleika laxaseiða milli ára, sérstaklega hjá 0⁺ og 1⁺ en sveiflur hafa verið minni hjá eldri seiðum. Vísitala þéttleika laxaseiða var mjög há árin 2015 – 2018 en síðan þá hefur vísitalan almennt lækkað.

Nær eingöngu veiðast vorgömul bleikjuseiði og flest þeirra á stöðvum á svæðinu frá Álku niður að Hofi. Frá árinu 2014 hefur vísitala þéttleika bleikjuseiða verið stöðug á milli 2 og 4 seiði/100m². Vísitala þéttleika urriðaseiða hefur verið há frá árinu 2011 en fyrir þann tíma veiddust fá urriðaseiði í Vatnsdalsá. Árið 2023 var vísitala þéttleika urriðaseiða rétt yfir meðaltali áranna 1998 – 2024 en árið 2024 lækkaði vísitalan um 30%. Urriðaseiði veiðast að jafnaði á öllum svæðum nema í Álku.

Sumarið 2023 veiddust 442 laxar í Vatnsdalsá og var hlutfall stórlaxa (2 ár í sjó) 42%. Sumarið 2024 veiddust 683 laxar og var hlutfall stórlaxa 25%. Yfir 90% af öllum veiddum laxi í Vatnsdalsá er sleppt aftur eftir veiði og þar af er nánast öllum hrygnum sleppt. Árið 2023 var fjöldi veiddra laxa nálægt 50% undir meðaltali áranna frá 1974 en árið 2024 um 21% undir meðalveiði. Laxveiði í Vatnsdalsá hefur verið undir langtímameðaltali síðustu átta ár og svipuð niðursveifla á sér stað í öðrum laxveiðiám í Húnavatnssýslum. Í Vatnsdalsá veiddust 1.969 urriðar árið 2023 og 1.824 urriðar árið 2024 sem bæði árin var talsvert yfir 1.202 urriða meðalveiði tímabilsins frá 1987. Árið 2023 veiddust 601 bleikja í Vatnsdalsá og árið 2024 veiddust 521 bleikja sem er undir 1.215 bleikju meðalveiði tímabilsins frá 1987. Bleikjuveiði hefur dregist saman frá árinu 2005 en á sama tíma hefur fjöldi veiddra urriða aukist.

Vatnshiti í Vatnsdalsá var mældur við Skriðuvað og Álku með síritandi hitamæli. Vatnshiti árið 2023 var alla mánuðina frá apríl til ágúst yfir meðalhita áranna 2013 – 2019 fyrir utan júlí sem var undir meðalhita. Árið 2024 var meðalvatnshiti talsvert undir meðalhita alla mánuði frá mars til ágúst. Mánuðina apríl til október var meðalvatnshiti í Álku nálægt 2°C undir hitastigi Vatnsdalsár við Skriðuvað.

Lykilorð: lax, bleikja, urriði, seiðarannsóknir, stangveiði, vatnshiti, Vatnsdalsá, hreistur.

Abstract

This report presents the results of juvenile fish surveys and rod fishing in river Vatnsdalsá during 2024 and 2025, along with water temperature measurements. The density and condition of juveniles were examined using electrofishing in late August both years. Salmon juveniles were caught at all sampling stations in Vatnsdalsá, as well as in river Tunguá and river Álka. In general, the juvenile density index was at or below the long-term average in 2023 and 2024. There was considerable variability in salmon juvenile density between years, especially among age groups 0⁺ and 1⁺, while fluctuations have been smaller among older juveniles. The density index of salmon juveniles was very high in the period 2015–2018, but since then the index has generally declined.

Almost exclusively 0⁺ char juveniles are caught, most of them at stations in the area from Álka down to Hof. The density index of Arctic char juveniles has remained stable between 2 and 4 juveniles per 100 m² since 2014. The density index of brown trout juveniles has been high from around 2011 onwards,

whereas before that time few trout juveniles were caught in Vatnsdalsá. In 2023 the density index of trout juveniles was just above the average of the years 1998–2024, but in 2024 the index decreased by 30%. Trout juveniles are generally caught at all stations, except in Álka.

In summer 2023, 442 salmon were caught in Vatnsdalsá, with the proportion of two sea-winters(2SW) salmon at 42%. In summer 2024, 683 salmon were caught, with the proportion of 2SW salmon at 25%. Over 90% of all salmon caught in Vatnsdalsá are released after capture (catch and release), and almost all females are released. In 2023 the number of salmon caught was about 50% below the average catch from 1974, and in 2024 about 21% below the average. Salmon catches in Vatnsdalsá have been below a long-term average for the past eight years, following the same downward trend as seen in other salmon rivers in Húnavatnssýslur.

In Vatnsdalsá, 1,969 trout were caught in 2023 and 1,824 trout in 2024, both years well above the average of 1,202 trout for the period since 1987. In 2023, 601 char were caught in Vatnsdalsá and 521 char in 2024, both below the average of 1,215 char for the period since 1987. While char catches have declined since 2005, trout catches have increased.

Water temperature was measured with data loggers in river Vatnsdalsá at Skriðuvað and in river Álka. In 2023, water temperature was above the long-term average 2013–2019 for all months from April to August, except July which was below average. In 2024, average water temperature was considerably below the long-term average for all months from March to August. Mean water temperature from April to October in river Álka is generally about 2°C lower than at Skriðuvað in Vatnsdalsá.

Keywords: Atlantic salmon, Arctic charr, Brown trout, salmon juveniles, rod-catch, water temperature, River Vatnsdalsá, scales .

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Aðferðir	2
3 Niðurstöður	4
3.1 Seiðarannsóknir	4
3.2 Stangveiði	11
3.3 Hreistur	18
3.4 Strokulaxar úr sjókvíaeldi	19
3.5 Vatnshiti	19
4 Umræður	21
Þakkarorð	23
Heimildir	24
Viðauki 1	25
Viðauki 2	26

Myndaskrá

Mynd 1. Staðsetning rafveiðistöðva á vatnsvæði Vatnsdalsár árin 2023 og 2024.	3
Mynd 2. Vísitala þéttleika laxaseiða skipt eftir aldri í Vatnsdalsá árin 1998 - 2024	6
Mynd 3. Meðallengdir laxaseiða í Vatnsdalsá eftir aldri árin 1998 - 2024. Rauð lína sýnir meðallengd tímabilsins.	7
Mynd 4. Meðallendir 0+ og 1+ laxaseiða á stöð 9 við Skriðuvað og stöðva sem staðsettar eru ofan við Flóðið í Vatnsdalsá árin 1998 - 2024.	8
Mynd 5. Vísitala þéttleika urriðaseiða eftir aldri í Vatnsdalsá árin 2001 - 2024.....	9
Mynd 6. Vísitala þéttleika bleikjuseiða eftir aldri í Vatnsdalsá árin 2001 - 2024.....	11
Mynd 7. Vikuleg urriða-, bleikju- og laxveiði á vatnsvæði Vatnsdalsár 2023.....	12
Mynd 8. Stangveiði skipt eftir tegundum og veiðistöðum í Vatnsdalsá árið 2023. Veiðistaðir eru u.þ.b. í landfræðilegri röð, þ.e. efsti veiðistaður efsta súla og neðsti veiðistaður næst neðsta súla, en neðsta súlan er fjöldi fiska sem ekki höfðu skráðan veiðistað.....	14
Mynd 9. Vikuleg urriða-, bleikju- og laxveiði í Vatnsdalsá árið 2024.	15
Mynd 10. Stangveiði skipt eftir tegundum og veiðistöðum í Vatnsdalsá árið 2024. Veiðistaðir eru u.þ.b. í landfræðilegri röð, þ.e. efsti veiðistaður efsta súla og neðsti veiðistaður næst neðsta súla, en neðsta súlan er fjöldi fiska sem ekki höfðu skráðan veiðistað.....	16
Mynd 11. Fjöldi veiddra laxa í Vatnsdalsá árin 1974 - 2024. Meðalveiði tímabilsins er sýnd (rauð lína).	17
Mynd 12. Fjöldi veiddra urriða (blátt) og bleikja (rautt) á vatnsvæði Vatnsdalsár árin 1987-2024.	18
Mynd 13. Frávik vatnshita (C°) hvers mánaðar frá meðalvatnshita yfir tímabilið 2013 til 2024 við Skriðuvað í Vatnsdalsá.	20
Mynd 14. Meðalvatnhiti hvers mánaðar árin 2019 til 2024 mælt við Skriðuvað í Vatnsdalsá (rautt) og í Álku (blátt). Vatnshiti mældur á klukkustundar fresti með síritandi hitamæli.	21

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika laxaseiða ($N/100m^2$) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 23. - 24. ágúst 2023.	4
Tafla 2. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika laxaseiða ($N/100m^2$) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 28. og 29. ágúst 2024.	5
Tafla 3. Fjöldi (N), meðallengd og staðalfrávik fyrir meðallengd (SD) laxaseiða skipt eftir aldri og rafveiðistöðum.....	6
Tafla 4. Fjöldi (N), meðallengd og staðalfrávik fyrir meðallengd (SD) laxaseiða skipt eftir aldri og rafveiðistöðum.....	7
Tafla 5. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika urriðaseiða ($N/100m^2$) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum	8
Tafla 6. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika urriðaseiða ($N/100m^2$) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum	9
Tafla 7. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika bleikjuseiða ($N/100m^2$) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 23. - 24. ágúst 2023.	10
Tafla 8. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika bleikjuseiða ($N/100m^2$) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 28. - 29. ágúst 2024.	10
Tafla 9. Fjöldi veiddra laxa, urriða, bleikju og hnúðlaxa í Vatnsdalsá og hliðarám árið 2023. Löxum skipt upp í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö eða fleiri ár í sjó) eftir lengdardreifingu í veiði.	11
Tafla 10. Fjöldi veiddra laxa, urriða og bleikju í Vatnsdalsá og hliðarám árið 2024. Löxum skipt upp í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö eða fleiri ár í sjó) eftir lengdardreifingu í veiði.	15
Tafla 11. Fjöldi ára í ferskvatni (seiðastig) og fjöldi ára í sjó samkvæmt greiningu á hreistri laxa úr stangveiði í Vatnsdalsá árið 2023.	18
Tafla 12. Fjöldi ára í ferskvatni (seiðastig) og fjöldi ára í sjó samkvæmt greiningu á hreistri laxa úr stangveiði í Vatnsdalsá árið 2024.	19

1 Inngangur

Vatnsdalsá er lindarskotin dragá með vatnasvið sem nær yfir um 1.170 km². Hún á upptök sín í Grímsstungu- og Auðkúluheiði og fellur til sjávar í Húnaósi (Sigurjón Rist 1990). Áin rennur af grónu heiðarvotlendi en slíkar ár eru almennt frjósamar og margar af veiðimestu laxveiðiám landsins hafa slíkan uppruna. Fiskgengi hluti Vatnsdalsár er tæplega 50 km langur og nær upp að Dalsfossi í Forsæludal, en neðsti hluti Vatnsdalsár rennur í Húnavatn sem er um 6,0 km² að flatarmáli. Nokkrar hliðarár renna til Vatnsdalsár. Þeirra stærst er Álka (Álftarskálará) sem er fiskgeng um 4 km upp að fossi við Blásandabjörg, en neðan hans er Úlfsfoss sem talinn er geta tafið uppgöngur laxa. Aðrar hliðarár eru t.d. Tunguá, Kornsa og Giljá, sem flestar eru stutt fiskgengar. Neðarlega í vatnakerfinu rennur Vatnsdalsá í gegnum Flóðið, sem er grunnt 2,77 km² stöðuvatn. Víða í Vatnsdalsá og hliðarám eru góð uppeldis- og hrygningarsvæði fyrir lax, en heildarflatarmál árinna er um 2,13 milljón m² að undanskildu Húnavatni, Flóði og Hnausatjörn (Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson 2008). Flatarmál hliðarána er um 200 þúsund m² (Giljá er þar undanskilin).

Fjölbreytileiki Vatnsdalsár er mikill hvað varðar botngerð, straumgerð og þar með búsvæði fyrir laxfiska. Áin hefur um árabil verið meðal gjöfulustu stangveiðiáa landsins, en í Vatnsdalsá veiðist, auk laxins, mikið af bleikju/sjóbleikju og urriða/sjóbirtingi. Árleg meðallaxveiði í Vatnsdalsá tímabilið 1974-2024? er 865 laxar, en auk þess hafa að meðaltali veiðst þar 1.202 urriðar og 1.215 bleikjur (árin 1987-2024) á ári (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2025). Miðað við skráða veiði hefur ekkert vatnsfall á Íslandi svo háa samanlagða meðalveiði allra tegunda laxfiska. Árið 1997 var sú regla sett í Vatnsdalsá að öllum stangveiddum laxi skuli sleppt og er það líklega í fyrsta sinn sem slíkt „veiða og sleppa“ fyrirkomulag var sett í laxveiðiá á Íslandi þó vissulega hafi veiðimenn víða sleppt veiddum laxi fyrir þann tíma. Þetta fyrirkomulag eykur verulega við þann hrognafjölda sem hrygnt er í vatnakerfið að hausti samanborið við ef veiddur lax væri drepinn. Áætlað hefur verið að rúmlega helmingur allra hroгна sem hrygnt var í ánni árin 1999-2019 hafi komið frá laxahrygnum sem hafði verið sleppt í veiði (Friðþjófur Árnason 2020).

Atlantshafslax hefur flókinn lífsferil sem skiptist í tvö meginskeið, ferskvatns- og sjávarskeið. Hrygning, klak og uppeldi seiða fer fram í ferskvatni þar sem seiðin dvelja að jafnaði í um 2 - 5 ár þar til þau ganga til sjávar. Sjávardvölin er yfirleitt 1 – 2 ár fram að kynþroska, þegar laxinn gengur aftur í ferskvatn til hrygningar. Það er margt í umhverfi laxins sem getur haft áhrif á afkomu hans, bæði í fersku vatni og sjó. Þrátt fyrir að töluverðar upplýsingar liggi fyrir um lífsferil laxa í ferskvatni, þ.e. hrygningu og afkomu seiða, er minna vitað um afdrif þeirra frá því að seiðin ganga til sjávar og þar til þau snúa til baka í sína heimaá til hrygningar. Nýlegar athuganir gefa til kynna að vöxtur laxa á fyrsta ári í sjó (post smolt) hafi mikil áhrif á endurheimtur smálaxa árið eftir (Ásta Kristín Guðmundsdóttir o.fl. 2025a).

Rannsóknir á seiðastofnum Vatnsdalsár ná allt aftur til ársins 1975, en hafa verið árlegar frá árinu 1984. Á þessu tímabili hefur þó stöðvum verið fækkað og rafveiðar hafa farið fram seinna að sumrinu. Árið 2015 var rafveiðistöðum fækkað niður í núverandi fjölda og ekki lengur rafveitt í hliðaránum Kornsa, Hólkotskvísl og Vaglakvísl, auk þess sem aðeins var veitt á einni stöð í Álku. Frá aldamótum hefur sýnataka oftast farið fram í ágústlok, en fyrir aldamót var sýnataka gjarnan fyrr að sumrinu og jafnvel í byrjun júlí. Mikilvægt er að rannsóknir séu gerðar með samræmdum hætti á milli ára til að tryggja samanburðarhæfni þeirra. Í ljósi þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á staðsetningu rafveiðistöðva

og hvenær sumars rannsóknir hafa farið fram, nær samanburður á seiðarannsóknum úr rannsóknum í Vatnsdalsá í flestum tilfellum aftur til ársins 1998.

Rafræn skráning á lax- og silungsveiði hefur að mestu tekið við af skráningu í hefðbundnar veiðibækur sem skilað var inn til Hafrannsóknastofnunar. Breytingin hefur almennt tekist nokkuð vel en auk Hafrannsóknastofnunar bjóða nokkrir aðilar upp á rafrænt skráningarform fyrir veiði. Nokkuð hefur borið á að veiðistaðanúmer fyrir veidda fiska séu ekki skráð, en mikilvægt er að skrá nafn og númer veiðistaða fyrir hvern fisk til að auðvelda úrvinnslu og fá sem bestar upplýsingar um dreifingu veiðinnar innan vatnakerfisins.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna á fiskstofnum Vatnsdalsár árin 2023 og 2024, þ.e. stangveiði, niðurstöðum rannsókna á þéttleika og stærð seiða og samanburði við fyrirbyggjandi langtímagögn. Markmið rannsókna er að afla upplýsinga um ástand seiðastofna laxfiska og stærð og samsetningu hrygningarstofns Vatnsdalsár.

2 Aðferðir

Rannsóknir á seiðabúskap Vatnsdalsár og hliðarám hennar fóru fram dagana 23. og 24. ágúst 2023 og 28. og 29. ágúst 2024. Sýnum var safnað með rafveiðum á sömu stöðum og undanfarin ár, alls 8 stöðum (Mynd 1) með þeirri undantekningu að stöð 3, sem var staðsett í lænu ofan við Sunnuhlíð, var færð yfir að austur bakkanum rétt fyrir ofan Sunnuhlíð árið 2024. Staðsetning stöðva og framkvæmd rannsókna var að öðru leyti í samræmi við fyrri rannsóknir (Friðþjófur Árnason 2020). Sex rafveiðistöðvar voru í Vatnsdalsá, ein í Álku og ein í Tunguá (Mynd 1). Heildarflatarmál rafveiðisvæða árið 2023 var 993,7 m² og 1.076,7 m² árið 2024.

Farin var ein yfirferð í rafveiði á hverri stöð. Með einni yfirferð veiðist aðeins hluti þeirra seiða sem eru á svæðinu, en sýnt hefur verið fram á að samband er á milli fjölda seiða sem veiðast í einni yfirferð og heildarfjölda seiða á viðkomandi rafveiðisvæði (Friðþjófur Árnason o.fl. 2005). Þannig er hægt að nota fjölda seiða sem veiðast í einni yfirferð sem vísitölu fyrir seiðapétteleika og við samanburð á þéttleika milli svæða eða tíma. Flatarmál hverrar stöðvar var mælt og vísitala þéttleika seiða var reiknuð á hverja 100m² botnflatar.


Seiðin voru tegundagreind og lengdar- og þyngdarmæld. Auk þess voru tekin vefjasýni til erfðarannsókna af hluta laxaseiðanna árið 2023. Kvarnir og hreistur var tekið af hluta veiddra seiða til aldursgreiningar en öðrum seiðum var sleppt aftur að loknum mælingum. Lax-, bleikju- og urriðaseiði greinast yfirleitt í árganga eftir lengdardreifingu, en aldur var staðfestur með aldursgreiningu kvarna nokkurra seiða af mismunandi stærð. Aldur er táknaður með 0⁺ (sumargömul seiði), 1⁺ (eins vetra seiði) o.s.frv. Plús tákn (+) gefur til kynna viðbótarvöxt nýliðins sumars. Fyrir hverja stöð, tegund og árgang var reiknuð meðallengd og meðalþyngd ásamt staðalfrávik. Einnig var reiknaður Fultons holdastuðull (K) seiða hverrar tegundar sem:

$$K = \frac{\text{þyngd (g)}}{\text{lengd}^3 \text{ (cm)}} * 100$$

(Bagenal og Tesch 1979)

Fultons stuðullinn gefur mat á holdafari seiða og eru seiði laxfiska í eðlilegum holdum með holdastuðul nálægt 1. Meðaltal holdastuðla var reiknað fyrir hvern árgang tegundar á hverri stöð.

Upplýsingar um stangveiðina í Vatnsdalsá var aflað úr veiðiskráningu sem vistuð er í rafrænum gagnagrunni Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar. Þar eru einstaklingsupplýsingar um hvern fisk skráðar, s.s. tegund, dagsetningu veiðinnar, lengd, þyngd, kyn, veiðistað og hvort fiski hafi verið landað (afli) eða sleppt. Við skiptingu á sjávaraldri, þ.e. hvort lax hefur dvalið eitt ár eða tvö ár í sjó, var stuðst við lengdardreifingu veiddra laxa. Árin 2023 og 2024 var miðað við að lax >70 cm hefði dvalið tvö ár eða lengur í sjó. Stangveiðinni var skipt upp eftir tegund, kyni og sjávaraldri. Vikuleg veiði var reiknuð og dreifing veiðinnar skoðuð milli veiðistaða.



Mynd 1. Staðsetning rafveiðistöðva á vatnsvæði Vatnsdalsár árin 2023 og 2024.

Figure 1. Locations of juvenile sampling stations in Vatnsdalsá and tributaries in 2023 and 2024.

Síritandi hitamælar (DST, Stjörnu Oddi) mæla vatnshita Vatnsdalsár á klukkustundar fresti. Einn hitamælir hefur verið starfræktur við Skriðuvað (Stöð 9) neðan við Flóðið frá september 2012 og annar hitamælir hefur verið starfræktur rétt ofan við brú á Álku frá ágúst 2019.

3 Niðurstöður

3.1 Seiðarannsóknir

Í seiðarannsóknum árin 2023 og 2024 veiddist lax, urriði, bleikja og hornsíli. Árið 2023 var vísitala þéttleika laxaseiða 18,7 seiði/100m², vísitala þéttleika urriðaseiða var 29,9 seiði/100m² og vísitala þéttleika bleikjuseiða 2,3 seiði/100m². Árið 2024 var vísitala þéttleika laxaseiða 24,0 seiði/100m², vísitala þéttleika urriðaseiða var 20,0 seiði/100m² og vísitala þéttleika bleikjuseiða 2,9 seiði/100m².

Laxaseiði veiddust á öllum stöðvum í Vatnsdalsá og einnig í Álku og TunguáTafla 1 bæði árin 2023 og 2024. Árið 2023 veiddust sumargömul laxaseiði (0⁺) á öllum stöðvum og var meðalvísitala þéttleika þeirra 6,4 seiði/100m². Ársögmul laxaseiði (1⁺) veiddust á öllum stöðvum nema stöð 8 og var meðalvísitala þéttleika þeirra 6,7 seiði/100m². Tveggja ára laxaseiði veiddust á öllum stöðvum nema stöðvum 7 og 8 og var meðalvísitala þéttleika þeirra 5,1 seiði/100m². Aðeins veiddust fimm þriggja ára (3⁺) laxaseiði, tvö á stöð 9 og þrjú í Álku (Tafla 1). Þéttleiki laxaseiða var mjög breytilegur milli stöðva. Hæst var vísitala þéttleika laxaseiða á Stöð 9, 65,4 seiði/100m² og var þéttleiki þar mun hærri en á öðrum stöðvum. Stöð 9 er staðsett við Skriðuvað og er eina rafveiðistöðin sem er neðan við Flóðið. Á rafveiðistöðinni í Tunguá var næst hæsta vísitala þéttleika laxaseiða, 28,8 seiði/100m², en lægst var vísitala þéttleika laxaseiða á stöð 8 (við Hof) þar sem einungis veiddist eitt sumargamalt (0⁺) laxaseiði (Tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika laxaseiða (N/100m²) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 23. - 24. ágúst 2023.

Table 1. Number (N) and index densities of juvenile Atlantic salmon (no./100m²) by sampling stations and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2023.

Stöð	Flatarm. (m ²)	0 ⁺		1 ⁺		2 ⁺		3 ⁺		Heildarfjöldi	
		N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²
Vatnsdalsá 2	125,0	4	3,2	1	0,8	1	0,8		0,0	6	4,8
Vatnsdalsá 3	93,1	3	3,2	9	9,7	5	5,4		0,0	17	18,3
Vatnsdalsá 5	151,9	1	0,7	7	4,6	5	3,3		0,0	13	8,6
Vatnsdalsá 7	89,6	3	3,3	2	2,2		0,0		0,0	5	5,6
Vatnsdalsá 8	209,0	1	0,5		0,0		0,0		0,0	1	0,5
Vatnsdalsá 9	97,9	25	25,5	21	21,4	16	16,3	2	2,0	64	65,4
Álka 3	144,0	6	4,2	9	6,3	8	5,6	3	2,1	26	18,1
Tunguá	83,2	9	10,8	7	8,4	8	9,6		0,0	24	28,8
Samtals:	993,7	52	6,4	56	6,7	43	5,1	5	0,5	156	18,7

Árið 2024 var útbreiðsla og vísitala þéttleika laxaseiða mjög svipuð og árið 2023. Sumargömul laxaseiði veiddust á öllum stöðvum og vísitala þéttleika þeirra var 10,9 seiði/100m² (Tafla 2). Ársögmul laxaseiði

veiddust einnig á öllum stöðvum árið 2024 og var vísitala þéttleika þeirra 9,5 seiði/100m². Vísitala þéttleika tveggja ára seiða var 3,2 seiði/100m² og þriggja ára laxaseiði veiddust aðeins í hliðaránum Álku og Tunguá. Mestur þéttleiki laxaseiða var að venju á stöð 9 við Skriðuvað (75 seiði/100m²) og næst mesti þéttleikinn var í Tunguá (36,3 seiði/100m², Tafla 2).


Tafla 2. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika laxaseiða (N/100m²) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 28. og 29. ágúst 2024.

Table 2. Number (N) and index densities of juvenile Atlantic salmon (no./100m²) by sampling stations and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2023.

Stöð	Flatarm. (m ²)	0 ⁺		1 ⁺		2 ⁺		3 ⁺		Heildarfjöldi	
		N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²
Vatnsdalsá 2	124,6	4	3,2	7	5,6	1	0,8	0	0,0	12	9,6
Vatnsdalsá 3*	104,7	5	4,8	8	7,6	3	2,9	0	0,0	16	15,3
Vatnsdalsá 5	254,1	5	2,0	4	1,6	6	2,4	0	0,0	15	5,9
Vatnsdalsá 7	150,4	28	18,6	3	2,0	0	0,0	0	0,0	31	20,6
Vatnsdalsá 8	161,0	9	5,6	3	1,9	0	0,0	0	0,0	12	7,5
Vatnsdalsá 9	63,6	30	47,1	17	26,7	1	1,6	0	0,0	48	75,4
Álka	138,5	1	0,7	21	15,2	4	2,9	4	2,9	30	21,7
Tunguá	79,8	4	5,0	12	15,0	12	15,0	1	1,3	29	36,3
Samtals:	1076,7	86	10,9	75	9,5	27	3,2	5	0,5	193	24,0

* Stöð nr. 3 færð árið 2024 og ný staðsetning er við austurbakka ofan við Sunnuhlíð.

Vísitala fyrir þéttleika yngstu tveggja aldurshópa laxaseiða (0⁺ og 1⁺) hækkaði talsvert á árunum frá 2001 til 2017/2018, þegar þéttleiki þessara aldurshópa var sá mesti sem mælst hefur (Mynd 2). Eftir það hefur vísitala 0⁺ laxaseiða lækkað úr 52,2 seiði/100m² árið 2017 niður í 6,4 seiði/100m² árið 2023 en hækkaði upp í 10,9 seiði/100m² árið 2024. Vísitala 1⁺ laxaseiða mældist hæst 29,3 seiði/100m² árið 2018 en var undir meðaltali 2022-2024. Vísitalan fór niður í 6,7 seiði/100m² árið 2023 en hækkaði upp í 9,5 seiði/100m² árið 2024. Vísitala þéttleika 0⁺ laxaseiða árið 2024 var nálægt meðaltali áranna 1998 – 2024 en vísitala 1⁺ var um 33% undir meðaltali. Vísitala á þéttleika eldri laxaseiða (2⁺ og 3⁺) hefur ekki fylgt sömu þróun og hjá yngri seiðum. Þéttleiki 2⁺ hefur sveiflast frá 0,3 til 9,6 seiði/100m² og var árið 2024 3,2 seiði/100m², um 28% undir meðaltali áranna 1998 - 2024. Vísitala þéttleika 3⁺ laxaseiða er að jafnaði lítil og hefur verið undir langtímameðaltali síðustu fjögur ár. Hæst fór vísitalan í rúmlega þrjú seiði/100m² árið 2002. Mikill breytileiki er milli stöðva í vísitölu þéttleika laxaseiða. Aukning í þéttleika 0⁺ og 1⁺ laxaseiða frá 2001 til 2017/2018 var áberandi mest á stöð 9 (Skriðuvað) og lækun milli 2017 og 2024 var að sama skapi mest á þessari rafveiðistöð. Stöð 9 vegur þannig þungt þegar horft er á breytingar á þéttleika 0⁺ og 1⁺ laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám á tímabilinu. Þróun í þéttleika mismunandi aldurshópa laxaseiða milli svæða innan Vatnsdalsár árin 1998 til 2024 er mjög breytileg milli ára og svæða (Viðauki 1).



Mynd 2. Vísitala þéttleika laxaseiða skipt eftir aldri í Vatnsdalsá árin 1998 - 2024. Skalinn á y-ás er mismunandi eftir aldurshópum. Rauð lína sýnir meðaltal tímabilsins.

Figure 2. Index densities of juvenile Atlantic salmon (no./100m²) by year and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 1998 - 2024.

Meðallengd sumargamalla laxaseiða árið 2023 var 4,0 cm (0,1 cm undir langtímameðaltali), meðallengd 1⁺ laxaseiða var 6,5 cm (0,4 cm undir langtímameðaltali) og meðallengd 2⁺ laxaseiða var 9,6 cm (0,1 cm yfir langtímameðaltali) (Tafla 3, Mynd 3). Meðallengd og meðalþyngd laxaseiða sem veiddust í Vatnsdalsá og hliðarám haustið 2023 var hæst á stöð 9 í öllum aldurshópum.

Tafla 3. Fjöldi (N), meðallengd og staðalfrávik fyrir meðallengd (SD) laxaseiða skipt eftir aldri og rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 23. – 24. ágúst 2023.

Table 3. Number (N), average length (cm) and standard deviations (SD) of juvenile Atlantic salmon by sampling stations and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2023.

Stöð	0 ⁺			1 ⁺			2 ⁺			3 ⁺		
	N	M.lengd	SD	N	M.lengd	SD	N	M.lengd	SD	N	M.lengd	SD
Vatnsdalsá 2	4	3.7	0.4	1	7.2	-	1	10.7	-	0		
Vatnsdalsá 3	3	3.9	0.3	9	6.0	0.3	5	9.6	0.8	0		
Vatnsdalsá 5	1	4.1	-	7	6.5	0.8	5	9.5	0.5	0		
Vatnsdalsá 7	3	3.7	0.8	2	6.0	0.5	0			0		
Vatnsdalsá 8	1	3.3	-	0			0			0		
Vatnsdalsá 9	25	4.8	0.3	21	7.9	0.7	16	10.8	0.4	2	12.1	0.3
Álka 3	6	4.6	0.2	9	6.3	0.3	8	8.5	0.4	3	10.2	0.3
Tunguá	9	4.1	0.2	7	6.0	0.4	8	8.5	0.8	0		
Meðaltal:	52	4.0	0.4	56	6.5	0.5	43	9.6	0.6	5	11.2	0.3


Meðallengd sumargamalla laxaseiða árið 2024 var 3,6 cm (0,5 cm undir langtímameðaltali), meðallengd 1⁺ laxaseiða var 6,5 cm (0,4 cm undir langtímameðaltali) og meðallengd 2⁺ laxaseiða var 9,0 cm (0,5 cm undir langtímameðaltali) (Tafla 4, Mynd 3). Meðallengd og meðalþyngd laxaseiða sem veiddust í Vatnsdalsá og hliðarám haustið 2024 var eins og undanfarin ár hæst á stöð 9.

Tafla 4. Fjöldi (N), meðallengd og staðalfrávik fyrir meðallengd (SD) laxaseiða skipt eftir aldri og rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 28. – 29. ágúst 2024.

Table 4. Number (N), average length (cm) and standard deviations (SD) of juvenile Atlantic salmon by sampling stations and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2024.

Stöð	0 ⁺			1 ⁺			2 ⁺			3 ⁺		
	N	M.lengd	SD	N	M.lengd	SD	N	M.lengd	SD	N	M.lengd	SD
Vatnsdalsá 2	4	3.8	0.3	7	6.7	0.5	1	9.7	-	0		
Vatnsdalsá 3	5	3.6	0.2	8	6.5	0.5	3	9.1	0.7	0		
Vatnsdalsá 5	5	3.5	0.3	4	6.7	0.4	6	8.6	0.5	0		
Vatnsdalsá 7	28	3.7	0.3	3	5.9	0.2	0			0		
Vatnsdalsá 8	9	3.5	0.1	3	6.3	0.4	0			0		
Vatnsdalsá 9	30	4.4	0.2	17	8.3	0.5	1	10.5	-	0		
Álka 3	1	3.2	-	21	6.5	0.9	4	8.6	0.2	4	10.4	0.7
Tunguá	4	3.2	0.2	12	5.1	0.3	12	7.5	0.9	1	11.1	-
Meðaltal:	86	3.6	0.4	75	6.5	0.9	27	9.0	1.0	5	10.7	0.5


Meðallengd allra aldurshópa laxaseiða í Vatnsdalsá lækkaði milli árána 2023 og 2024. Síðustu þrjú árin hefur meðallengd allra aldurshópa verið undir meðallengd árána 1998 – 2024 fyrir utan að 2⁺ laxaseiði voru nálægt langtímameðallengd árið 2023 (Mynd 3). Talsvert miklar sveiflur eru í meðallengd milli ára og spönnin frá hæstu til lægstu meðallengdar var um 2 cm hjá 1⁺ og 2⁺ seiðum. Árið 2004 var meðallengd allra aldurshópa almennt mjög há en árin 2015 – 2017 var meðallengdin í flestum tilfellum undir langtímameðaltali (Mynd 3).



Mynd 3. Meðallengdir laxaseiða í Vatnsdalsá eftir aldri árin 1998 - 2024. Rauð lína sýnir meðallengd tímabilsins.

Figure 3. Mean length of juvenile Atlantic salmon by age in River Vatnsdalsá and tributaries in 1998 - 2024.

Meðallengd laxaseiða við Skriðuvað (stöð 9), neðan við Flóðið, var að jafnaði meiri og sveiflur milli ára minni en á stöðvum sem staðsettar eru ofan við Flóðið, sem gefur til kynna að vaxtarskilyrði þar séu almennt betri og jafnari en ofar(Mynd 4).



Mynd 4. Meðallendir 0+ og 1+ laxaseiða á stöð 9 við Skriðuvað og stöðva sem staðsettar eru ofan við Flóðið í Vatnsdalsá árin 1998 - 2024.

Figure 2. Mean length of 0+ and 1+ juvenile Atlantic salmon on sampling station nr. 9 at Skriðuvað and on other sampling stations located above Flóðið in River Vatnsdalsá in 1998 - 2024.

Holdastuðull laxaseiða sem veiddust árið 2023 var að meðaltali 1,03 og yfir einum hjá öllum aldurshópum. Holdastuðull laxaseiða árið 2024 var að meðaltali 1,02, lægstur hjá sumargömlum seiðum, 0,95 og hæstur hjá þriggja ára seiðum 1,07.

Urriðaseiði veiddust á öllum rafveiðistöðvum nema í Álku árið 2023 (Tafla 5). Vísitalan var yfir 10 seiði/100m² á öllum stöðvum, hæst 69,8 seiði/100m² á stöð 3 og að meðaltali 29,9 seiði/100m². Vísitala þéttleika urriðaseiða var hæst fyrir sumargömul seiði, 22,3 seiði/100m² en féll ört með hækkandi aldri seiða (Tafla 5).

Tafla 5. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika urriðaseiða (N/100m²) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 23. - 24. ágúst 2023.

Table 5. Number (N) and index densities of juvenile Brown trout (no./100m²) by sampling stations and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2023.

Stöð	Flatarmál (m ²)	0 ⁺		1 ⁺		2 ⁺		3 ⁺		Heildarfjöldi	
		N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²
Vatnsdalsá 2	125,0	37	29,6	2	1,6		0,0		0,0	39	31,2
Vatnsdalsá 3	93,1	44	47,3	19	20,4	2	2,1		0,0	65	69,8
Vatnsdalsá 5	151,9	43	28,3	6	3,9		0,0		0,0	49	32,3
Vatnsdalsá 7	89,6	37	41,3	6	6,7		0,0		0,0	43	48,0
Vatnsdalsá 8	209,0	22	10,5		0,0		0,0		0,0	22	10,5
Vatnsdalsá 9	97,9		0,0	7	7,2	6	6,1	2	2,0	15	15,3
Álka 3	144,0		0,0		0,0		0,0		0,0	0	0,0
Tunguá	83,2	18	21,6	7	8,4	2	2,4		0,0	27	32,5
Samtals:	993,7	201	22,3	47	6,0	10	1,3	2	0,3	260	29,9

Árið 2024 veiddust urriðaseiði á öllum rafveiðistöðvum í Vatnsdalsá (Tafla 6). Vísitala þéttleika urriðaseiða var að meðaltali 20,0 seiði/100m². Hæst var vísitalan 59,2 seiði/100m² á stöð 3 og lægst var vísitalan 1,4 seiði/100m² í Álku. Þéttleiki sumargamalla urriðaseiða var 13,5 seiði/100m² en vísitala þéttleika fellur ört með hækkandi aldri seiða með þeirri undantekningu að á stöð 9 veiddist ekkert 0⁺ urriðaseiði en vísitala þéttleika 1⁺ og 2⁺ urriðaseiða var þar há (Tafla 6).


Tafla 6. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika urriðaseiða (N/100m²) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 28. – 29. ágúst 2024.

Table 6. Number (N) and index densities of juvenile Brown trout (no./100m²) by sampling stations and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2024.

Stöð	Flatarmál (m ²)	0 ⁺		1 ⁺		2 ⁺		3 ⁺		Heildarfjöldi	
		N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²
Vatnsdalsá 2	124,6	11	8,8	6	4,8	1	0,8	0	0,0	18	14,4
Vatnsdalsá 3*	104,7	55	52,5	7	6,7	0	0,0	0	0,0	62	59,2
Vatnsdalsá 5	254,1	38	15,0	5	2,0	0	0,0	0	0,0	43	16,9
Vatnsdalsá 7	150,4	14	9,3	0	0,0	0	0,0	0	0,0	14	9,3
Vatnsdalsá 8	161,0	33	20,5	0	0,0	0	0,0	0	0,0	33	20,5
Vatnsdalsá 9	63,6	0	0,0	12	18,9	9	14,1	0	0,0	21	33,0
Álka	138,5	1	0,7	1	0,7	0	0,0	0	0,0	2	1,4
Tunguá	79,8	1	1,3	3	3,8	0	0,0	0	0,0	4	5,0
Samtals:	1076,7	153	13,5	34	4,6	10	1,9	0	0,0	197	20,0

* Stöð nr. 3 færð árið 2024 og ný staðsetning er við austurbakka ofan við Sunnuhlíð.

Vísitala þéttleika urriðaseiða var að meðaltali 3,7 seiði/100m² árin 2001 til 2010 en eftir 2010 varð mikil aukning á vísitölu þéttleika og meðalvísitala síðustu 14 ára (2011 – 2024) var 26,6 seiði/100m². Hæst var vísitalan árið 2021, 47,0 seiði/100m² (Mynd 5). Frá 2001 hefur vísitala þéttleika urriðaseiða aðeins þrisvar sinnum verið hærri en vísitala á þéttleika laxaseiða en það var árin 2014, 2021 og 2023. Flest árin frá 2010 hefur meirihluti allra urriðaseiða á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá verið úr yngsta aldurshópnum (0⁺) en vísitala eldri urriðaseiða er mun lægri (Mynd 5). Þróun í vísitölu þéttleika urriðaseiða hefur verið svipuð á öllum stöðvum í Vatnsdalsá fyrir utan að mjög sjaldgæft hefur verið að finna urriðaseiði í Álku og einnig var undantekning að finna sumargömul urriðaseiði á stöð 9 við Skriðuvað, en þar finnast eldri urriðaseiði í nokkrum mæli (Viðauki 2).



Mynd 5. Vísitala þéttleika urriðaseiða eftir aldri í Vatnsdalsá árin 2001 - 2024.

Figure 5. Index densities of juvenile Brown trout (no./100m²) by year and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2001 - 2024.

Bleikjuseiði veiddust á fjórum stöðvum í Vatnsdalsá árið 2023 (Tafla 7). Vísitala þéttleika bleikjuseiða var 2,3 seiði/100m² á öllum stöðvum, hæst var vísitalan 12,3 seiði/100m² á stöð 7. Af þeim 20 bleikjuseiðum sem veiddust í Vatnsdalsá voru 19 sumargömul (0⁺) og aðeins eitt eldra seiði (1⁺). Þetta var sambærileg dreifing milli aldurshópa og svæða innan Vatnsdalsár og verið hefur undanfarin ár (Mynd 6).

Tafla 7. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika bleikjuseiða (N/100m²) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 23. - 24. ágúst 2023.

Table 7. Number (N) and index densities of juvenile Arctic charr (no./100m²) by sampling stations and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2023.

Stöð	Flatarmál (m ²)	0 ⁺		1 ⁺		Heildarfjöldi	
		N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²
Vatnsdalsá 2	125,0		0,0		0,0	0	0,0
Vatnsdalsá 3	93,1	1	1,1		0,0	1	1,1
Vatnsdalsá 5	151,9	6	3,9		0,0	6	3,9
Vatnsdalsá 7	89,6	10	11,2	1	1,1	11	12,3
Vatnsdalsá 8	209,0	2	1,0		0,0	2	1,0
Vatnsdalsá 9	97,9		0,0		0,0	0	0,0
Álka 3	144,0		0,0		0,0	0	0,0
Tunguá	83,2		0,0		0,0	0	0,0
Samtals:	993,7	19	2,1	1	0,1	20	2,3

Bleikjuseiði veiddust á fjórum stöðvum í Vatnsdalsá árið 2024 (Tafla 8). Heildarvísitala þéttleika bleikjuseiða á öllum stöðvum var 2,9 seiði/100m², en hæst var vísitalan 12,0 seiði/100m² á stöð 7. Af þeim 38 bleikjuseiðum sem veiddust í Vatnsdalsá voru 36 sumargömul (0⁺) og tvö eldri seiði (1⁺).

Tafla 8. Fjöldi (N) og vísitala þéttleika bleikjuseiða (N/100m²) skipt eftir aldri á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám 28. - 29. ágúst 2024.


Table 8. Number (N) and index densities of juvenile Arctic charr (no./100m²) by sampling stations and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2024.

Stöð	Flatarmál (m ²)	0 ⁺		1 ⁺		Heildarfjöldi	
		N	N/100m ²	N	N/100m ²	N	N/100m ²
Vatnsdalsá 2	124,6	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Vatnsdalsá 3*	104,7	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Vatnsdalsá 5	254,1	9	3,5	0	0,0	9	3,5
Vatnsdalsá 7	150,4	18	12,0	0	0,0	18	12,0
Vatnsdalsá 8	161,0	9	5,6	1	0,6	10	6,2
Vatnsdalsá 9	63,6	0	0,0	1	1,6	1	1,6
Álka 3	138,5	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Tunguá	79,8	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Samtals:	1076,7	36	2,6	2	0,3	38	2,9

*Stöð nr. 3 færð árið 2024 og ný staðsetning var við austubakka ofan við Sunnuhlíð.

Vísitala á seiðapéttleika 0⁺ bleikjuseiða hefur sveiflast frá um 0,6 – 5,5 seiði/100m² á tímabilinu 2001 – 2024 (Mynd 6). Frá 2014 hefur vísitalan verið um 2 – 4 seiði/100m² og flest seiðin að veiðst á stöð 7 þar sem botngerðin er að mestu fín mól sem hentar bleikjuseiðum betur en straumharðari og grýttari

botn. Vísitala þéttleika eldri bleikjuseiða hefur alltaf verið minni en 1 seiði/100m² og sjaldgæft er að veiða bleikjuseiði eldri en 1⁺. Vísitala þéttleika allra aldurshópa var 2,8 seiði/100m² árin 2001 – 2024 og var vísitalan rétt yfir meðaltali árið 2024.



Mynd 6. Vísitala þéttleika bleikjuseiða eftir aldri í Vatnsdalsá árin 2001 - 2024.

Figure 6. Index densities of juvenile Arctic charr (no./100m²) by year and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries in 2001 - 2024.

3.2 Stangveiði


Skráð stangveiði í Vatnsdalsá árið 2023 var 442 laxar, 601 bleikja, 1.969 urriði, 33 hnúðlaxar og 2 flundrur. Fjöldi smálaxa var 256 (58%) og fjöldi stórlaxa var 186 (42%). Mun fleiri veiddir laxar voru greindir sem hængar (283) en hrygnur (159). Meirihluti smálaxa voru hængar (78,0%) en meirihluti stórlaxa voru hrygnur (55,3%).

Tafla 9. Fjöldi veiddra laxa, urriða, bleikju og hnúðlaxa í Vatnsdalsá og hliðarám árið 2023. Löxum skipt upp í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö eða fleiri ár í sjó) eftir lengdardreifingu í veiði.

Table 9. Rod catch of Atlantic salmon (Lax), Brown trout (Urriði), Arctic charr (Bleikja) and Pink Salmon (Hnúðlax) in Vatnsdalsá river and tributaries in 2024. Sea age (1SW:smálax / 2SW:stórlax) was determined by length distribution of caught salmon.

	Lax			Urriði	Bleikja	Hnúðlax
	Smálax	Stórlax	Alls			
Veiði	256	186	442	1.969	601	33
Afli (landað)	12	16	28	1.552	463	27
Sleppt	244	170	414	417	138	6
% sleppt	95,3	91,4	93,7	21,2	23,0	18,2

Flestum löxum var sleppt aftur eftir veiði eða 93,7%. Af smálöxum var 95,3% sleppt aftur eftir veiði og 91,4% stórlaxa. Laxveiðin var nokkuð jöfn yfir laxveiðitímabilið sem er frá 20. júní til 28. september. Frá 25. júní til 23. september var vikulega laxveiði frá 21 laxi upp í 44 laxa, en flestir laxar veiddust vikuna 23. – 29. júlí (Mynd 7). Nokkrir laxar voru skráðir í veiði á silungasvæðinu í maí sem að öllum líkindum eru niðurgöngulaxar (hoplaxar) á leið til sjávar.



Mynd 7. Vikuleg urriða-, bleikju- og laxveiði á vatnasvæði Vatnsdalsár 2023.

Figure 7. Weekly rod catches of Atlantic salmon (blue), Arctic charr (orange) and Brown trout (green) in river Vatnsdalsá, 2023.

Laxar veiddust á um 50 mismunandi veiðistöðum árið 2023, og flestir veiddust í Hnausastreng (148) þar sem um þriðjungur heildarlaxveiðinna veiddist. Næst flestir laxar veiddust í Álku eða 28, en ekki liggur fyrir skipting veiði á veiðistaði í ánni (Mynd 8). Hnausastrengur hefur í gegnum tíðina verið besti veiðistaður í Vatnsdalsá með hátt hlutfall af heildarveiði árinna. Árið 2023 veiddust 33 hnúðlaxar í Vatnsdalsá, sá fyrsti 17. júlí. Flestir hnúðlaxanna veiddust á svæðinu við og fyrir neðan brú á Þjóðvegi (22) og í Hnausastreng (7), en efst veiddist hnúðlax í Hornfljóti.


Mest veiddist af urriða á fyrstu vikum veiðitímans, frá byrjun maí og fram undir miðjan júní en eftir það var veiði nokkuð jöfn út veiðitímann með lítilsháttar aukningu í september (Mynd 7). Flestir urriðar veiddust í Ósnum, en ofan Flóðsins dró smá saman úr veiði eftir því sem ofar var farið í vatnakerfið (Mynd 8). Töluverður fjöldi urriða (182) var ekki skráður á veiðistað. Bleikjuveiðin var mest frá byrjun júní og fram yfir miðjan ágúst (Mynd 7). Flestar bleikjur veiddust í Ósnum, en einnig var mikil bleikjuveiði í neðri hluta Húnavatns. Ofan Húnavatns var dreifing veiðinnar nokkuð jöfn upp Vatnsdalsá (Mynd 8).

Skráð stangveiði í Vatnsdalsá árið 2024 var 683 laxar, 521 bleikja og 1.824 urriðar (

Tafla 10). Fjöldi smálaxa var 513 (75,2%) og fjöldi stórlaxa var 170 (24,8%). Mun fleiri veiddir laxar voru greindir sem hængar (504) en hrygnur (179). Af hængum voru 407 (81%) flokkaðir sem smálaxar og 106 (59,2%) hrygnanna voru smálax. Yfir 96% smálaxa og stórlaxa var sleppt aftur eftir veiði (Tafla 10). Laxveiðin fór rólega af stað í upphafi veiðitímans en jókst hratt í annarri viku júlí. Frá 8. júlí og fram að 11. ágúst var vikuleg laxveiði yfir 60 laxa en eftir það dró hægt úr veiðinni fram að lokum veiðitímans í enda september (Mynd 9). Enginn lax var skráður í vorveiði í Vatnsdalsá árið 2024 og enginn hnúðlax veiddist.

Laxar voru skráðir á rúmlega 50 veiðistaði í Vatnsdalsá árið 2024. Að venju voru flestir laxar skráðir í Hnausastreng (148) eða um 22% af heildarfjölda veiddra laxa, en einnig voru 123 laxar skráðir í Hólakvörn sem var óvenjulega mikil veiði þar miðað við undanfarin ár. Á efra laxveiðisvæðinu, þ.e. ofan við Bugðu, veiddust 313 laxar eða um 46% af heildarveiðinni. Þar af veiddust 41 lax í Langaflljóti og 37 í Álku (Mynd 10).

Vikuleg bleikjuveiði sumarið 2024 var um og undir 20 bleikjur fyrstu sex og síðustu átta vikur veiðitímans. Flestar bleikjur veiddust frá miðjum júní og fram í byrjun ágúst, með toppum í síðustu viku júní og um mánaðamót júlí og ágúst, þegar vikulega voru skráðar um 80 bleikjur (Mynd 9). Flestar bleikjur veiddust í Ósnum (188) og á veiðistöðum í Húnavatni. Fáar bleikjur veiddust á laxasvæðinu ofan við Kirkjuflljót (Mynd 10). Urriðaveiðin var tiltölulega jöfn yfir veiðitímann, en vikuleg veiði fór lægst í 32 urriða í enda september og hæst í 160 urriða um miðjan maí og í enda júlí (Mynd 9). Af einstökum veiðistöðum veiddust flestir urriðar í Ósnum (209) en einnig voru margir urriðar skráðir í Flóðinu og nálægum veiðistöðum. Talsvert dró úr urriðaveiði eftir því sem ofar kom og aðeins 35 urriðar veiddust ofan við Gilárós (Mynd 10).




Mynd 8. Stangveiði skipt eftir tegundum og veiðistöðum í Vatnsdalsá árið 2023. Veiðistaðir eru u.þ.b. í landfræðilegri röð, þ.e. efsti veiðistaður efsta súla og neðsti veiðistaður næst neðsta súla, en neðsta súlan er fjöldi fiska sem ekki höfðu skráðan veiðistað.

Figure 8. Rod catches of Atlantic salmon (blue), Arctic charr (green and)Brown trout (orange) by fishing pools in river Vatnsdalsá, 2023.

Tafla 10. Fjöldi veiddra laxa, urriða og bleikju í Vatnsdalsá og hliðarám árið 2024. Löxum skipt upp í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö eða fleiri ár í sjó) eftir lengdardreifingu í veiði.

Table 10. Rod catch of Atlantic salmon, Brown trout and Arctic charr in Vatnsdalsá river and tributaries in 2024. Sea age (smálax/stórlax) was determined by length distribution of caught salmon.

	Lax			Urriði	Bleikja
	Smálax	Stórlax	Alls		
Veiði	513	170	683	1.824	521
Afli (landað)	20	6	26	1.617	474
Sleppt	493	164	657	207	47
% sleppt	96,1	96,5	96,2	11,3	9,0



Mynd 9. Vikuleg urriða-, bleikju- og laxveiði í Vatnsdalsá árið 2024.


Figure 9. Weekly rod catches of Atlantic salmon (blue), Arctic charr (orange) and Brown trout (green) in river Vatnsdalsá, 2024.



Mynd 10. Stangveiði skipt eftir tegundum og veiðistöðum í Vatnsdalsá árið 2024. Veiðistaðir eru u.þ.b. í landfræðilegri röð, þ.e. efsti veiðistaður efsta súla og neðsti veiðistaður næst neðsta súla, en neðsta súlan er fjöldi fiska sem ekki höfðu skráðan veiðistað.

Figure 10. Rod catches of Atlantic salmon (blue), Arctic charr (green and)Brown trout (orange) by fishing pools in river Vatnsdalsá, 2023.

Árin 1974 – 2024 var árleg meðallaxveiði í Vatnsdalsá 870 laxar (Mynd 11). Laxveiðin 2023 var um 50% undir meðalveiðinni og var nánast sú sama og verið hafði þrjú ár þar á undan. Talsverðar sveiflur eru ávallt í fjölda veiddra laxa milli ára og tímabila. Mest var veiðin árin 1986 og 2009 þegar fjöldi veiddra laxa fór yfir 1.500 laxa, en minnsta veiðin var árin 2000 og 2012 þegar veiðin var undir 400 löxum. Að undanskildu árinu 2012 var veiðin almennt góð árin 2004 – 2016 með um 1.060 laxa meðalveiði. Árin 2018 – 2023 var laxveiðin í Vatnsdalsá mjög lítil og hafa ekki áður komið svo mörg samliggjandi ár með svo lítilli laxveiði á áðurnefndu 50 ára tímabili. Talsverð aukning varð í laxveiði árið 2024 þó ekki næði fjöldi skráðra laxa upp í meðaltal síðustu 50 ára. Nær öllum laxi er sleppt aftur eftir veiði í Vatnsdalsá og hefur slík veiðistjórnun verið viðhöfð frá árinu 1997.




Mynd 11. Fjöldi veiddra laxa í Vatnsdalsá árin 1974 - 2024. Meðalveiði tímabilsins er sýnd (rauð lína).

Figure 11. Annual rod catch of Atlantic salmon in river Vatnsdalsá and its tributaries 1974-2024 and average catch for the period (red line).

Meðalveiði silunga í Vatnsdalsá árin 1987 – 2024 var 1.202 urriðar og 1.215 bleikjur (Mynd 12). Urriðaveiði jókst mikið uppúr árinu 2005 en árin 1987 – 2005 var meðalveiði um 540 urriðar árlega. Árin 2005 - 2024 var meðalveiðin 1.862 urriðar og flestir urriðar voru skráðir í veiði árið 2010 eða 2.794. Urriðaveiðin minnkaði talsvert árin 2011 til 2017, en jókst aftur og hefur síðustu fjögur árin verið nálægt 2.000 urriðar.

Frá árinu 2013 hefur bleikjuveiði verið undir meðaltali árána 1987 – 2024. Á fyrri hluta þess tímabils, frá 1989 – 2000, jókst bleikjuveiði talsvert og náði hámarki árin 1999 og 2000 þegar veiddust rúmlega 2.700 bleikjur hvort ár. Bleikjuveiði minnkaði mikið árin 2001 – 2006 og síðan þá hafa að meðaltali veiðst um 924 bleikjur árlega. Síðustu þrjú árin hefur bleikjuveiðin verið milli 500 og 600 bleikjur, en alla jafna eru miklar sveiflur í fjölda skráðra bleikja milli ára og tímabila (Mynd 12).



Mynd 12. Fjöldi veiddra urriða (blátt) og bleikja (rautt) á vatnasvæði Vatnsdalsár árin 1987-2024.

Figure 12. Annual rod catch of Brown trout (blue) and Arctic charr (red) in river Vatnsdalsá, 1987-2024.

3.3 Hreistur

Hreistursýni voru tekin af 47 löxum úr veiðinni 2023 og 40 árið 2024. Ekki reyndist unnt að lesa hreistur af sex löxum frá árinu 2023 og tveimur löxum frá 2024. Samkvæmt greiningu á hreistri fyrir árið 2023 höfðu 22 laxar dvalið tvö ár í sjó (stórlax) en 19 laxar höfðu dvalið eitt ár í sjó (smálax). Einn lax hafði hrygnt áður og var á sinni annarri hrygningargöngu, en aðrir laxar voru að hrygna í fyrsta sinn. Ferskvatnsaldur laxa var frá tveimur til fjórum árum, en algengast var að laxarnir hefðu dvalið þrjú ár í ferskvatni fyrir sjávargöngu (56,1%). Ríflega þriðjungur laxa hafði verið fjögur ár í ferskvatni fyrir sjávargöngu og 9,8% gengu til sjávar eftir tvö ár í ferskvatni (Tafla 11). Af þeim löxum sem hreistur var greint af árið 2023 voru 41,9% úr klakárgangi frá 2018 (hrygning 2017) og 37,2% úr klakárgangi 2019.

Tafla 11. Fjöldi ára í ferskvatni (seiðastig) og fjöldi ára í sjó samkvæmt greiningu á hreistri laxa úr stangveiði í Vatnsdalsá árið 2023.

Table 11. Number of years spent in freshwater (juveniles) and at sea based on scale readings from rod-caught salmon in river Vatnsdalsá, 2023.

Ferskvatns aldur	1 ár í sjó			2 ár í sjó			Heildar fjöldi	Hlutfall (%)
	Hængar	Hrygnur	Samtals	Hængar	Hrygnur	Samtals		
2	2	0	2	0	2	2	4	9,8%
3	7	1	8	7	8	15	23	56,1%
4	6	3	9	1	4	5	14	34,1%
Samtals	15	4	19	8	14	22	41	

Samkvæmt greiningu á hreistri fyrir árið 2024 höfðu sjö laxar dvalið tvö ár í sjó (stórlax) en 31 lax höfðu dvalið eitt ár í sjó (smálax). Einn lax hafði hrygnt áður og var á sinni annarri hrygningargöngu en aðrir laxar voru á sinni fyrstu hrygningargöngu. Ferskvatnsaldur laxa var frá tveimur árum til fjögurra ára og algengast var að laxarnir hefðu dvalið þrjú ár í ferskvatni fyrir sjávargöngu (73,7%). Ríflega 10% laxa

hafði verið fjögur ár í ferskvatni fyrir sjávargöngu og 15,8% gengu til sjávar eftir tvö ár í ferskvatni (Tafla 12). Af þeim löxum sem hreistur var greint af í veiðinni 2024 voru 60,5% úr klakárgangi frá 2020 (hrygning 2019) og 26,3% úr klakárgangi 2019.

Tafla 12. Fjöldi ára í ferskvatni (seiðastig) og fjöldi ára í sjó samkvæmt greiningu á hreistri laxa úr stangveiði í Vatnsdalsá árið 2024.

Table 12. Number of years spent in freshwater (juveniles) and at sea based on scale readings from rod-caught salmon in river Vatnsdalsá, 2024.


Ferskvatns aldur	1 ár í sjó			2 ár í sjó			Heildar fjöldi	Hlutfall (%)
	Hængar	Hrygnur	Samtals	Hængar	Hrygnur	Samtals		
2	4	1	5	1	0	1	6	15,8%
3	14	8	22	2	4	6	28	73,7%
4	4	0	4	0	0	0	4	10,5%
Samtals	22	9	31	3	4	7	38	

3.4 Strokulaxar úr sjókvíaeldi

Úr Vatnsdalsá greindust 18 laxar af eldisuppruna úr veiðinni 2023, 17 af þeim voru ættaðir úr stroki laxa af norskum uppruna úr Kvígindisdal en einn kom úr eldra stroki (Fjóla Rut Svavarsdóttir o.fl. 2024). Haustið 2023, þegar vart var við að fjöldi eldislaxa væri að ganga í ár víðsvegar á norður- og vesturlandi, var gripið til mótvægisáðgerða og fékk Fiskistofa m.a. sérfræðinga í yfirborðsköfun til landsins með það að markmiði að fjarlægja eldislaxa úr ám. Teymi frá NORCE (NORCE Miljø - Laboratorium for ferskvannsóknir og innlandsfiske) skannaði valin svæði í Vatnsdalsá haustið 2023. Kafararnir fundu 159 villta laxa, 170 urriða og 259 bleikjur, en engan eldislax. Hafa þarf í huga að um valin svæði var að ræða og skyggni var misgott (Skoglund o.fl. 2023). Enginn eldislax var greindur úr veiðinni í Vatnsdalsá sumarið 2024. Í Vatnsdalsá voru tekin erfðasýni af 125 laxseiðum árin 2023 (93 sýni) og 2024 (32 sýni) til greininga á erfðablöndun við eldislax af norskum uppruna, en engin seiðanna reyndust blendingar villtra laxa og eldislaxa (Fjóla Rut Svavarsdóttir o.fl. 2025).

3.5 Vatnshiti


Vatnshiti hefur undanfarin ár verið mældur á tveimur stöðum í vatnakerfi Vatnsdalsár, annars vegar í Vatnsdalsá við Skriðuvað frá september 2013 og hins vegar í Álku rétt ofan við brú frá því í ágúst 2019. Meðalvatnshiti Vatnsdalsár við Skriðuvað var í apríl, maí, júní og ágúst árið 2023 yfir meðalhita viðkomandi mánaðar tímabilið 2013 – 2024, en undir meðaltali í júlí (Mynd 13). Árið 2024 var meðalvatnshiti við Skriðuvað verulega undir meðaltali frá mars til ágúst og meðalhiti í apríl (0,4 C°), júní (9,0 C°) og ágúst (9,8 C°) var sá lægsti sem mælt hefur frá 2013 eða um 2 til 2,5 gráðum undir langtímameðaltali (Mynd 13Mynd 12). Hitastig í Álku vorið og sumarið árið 2024 var einnig undir meðalhita og meðalhiti júní og ágúst var sá lægsti sem mælt hefur á þeim fimm árum sem hitamælingar í Álku ná yfir.



Mynd 13. Frávik vatnshita (C°) hvers mánaðar frá meðalvatnshita yfir tímabilið 2013 til 2024 við Skriðuvað í Vatnsdalsá.

Figure 13. Water temperature (°C) measured at Skriðuvað in river Vatnsdalsá 2013 - 2024. The bars show temperature anomalies for each month of the year. The bars are coloured blue if the monthly temperature was below average and red if it was above average

Við samanburð á mánaðarlegum meðalhita milli Skriðuvaðs og Álku yfir tímabilið september 2019 til júlí 2024 sést að frá apríl til október var vatnshiti um 1,5 til 3,0 gráðum hærri við Skriðuvað (Mynd 14). Mesti munur á hitastigi var í maí, þegar hitastigið við Skriðuvað var um 3°C hærri en í Álku. Ekki var mikill munur á vatnshita yfir veturinn (nóvember – mars) og var meðalhiti þá nálægt 0°C.



Mynd 14. Meðalvatnhiti hvers mánaðar árin 2019 til 2024 mælt við Skriðuvað í Vatnsdalsá (rautt) og í Álku (blátt). Vatnshiti mældur á klukkustundar fresti með síritandi hitamæli.

Figure 15 Monthly average water temperature from 2019 – 2024 were recorded at Skriðuvað in river Vatnsdalsá (red) and its tributary, river Álka (blue). Temperature measurements were taken at one-hour intervals.

4 Umræður

Fjöldi veiddra laxa í Vatnsdalsá sumarið 2023 var talsvert undir meðalveiði árána frá 1974 og þrátt fyrir aukningu í fjölda veiddra laxa árið 2024 var veiðin það ár um 20% undir meðalveiði. Eftir mjög góða laxveiði árið 2016 minnkaði veiði í Vatnsdalsá árlega til ársins 2020 og árin 2020 til 2023 var fjöldi laxa í stangveiði frá 419 – 442 laxar sem er um 50% undir langtímameðaltali. Þrátt fyrir að laxveiði í Vatnsdalsá hafi í einstökum árum farið niður fyrir 400 laxa (árin 2000 og 2012) þá eru síðustu átta ár lengsta samfellda tímabil þar sem laxveiði er undir langtímameðaltali. Þessi niðursveifla á sér stað þrátt fyrir að nær öllum laxi sé sleppt aftur eftir veiði, en árið 1997 voru settar þær reglur í Vatnsdalsá að öllum laxi skildi sleppt aftur. Var þetta í fyrsta skiptið á Íslandi sem slíkar reglur voru settar en síðan þá hefur þessari veiðistjórnun verið komið á í mörgum íslenskum laxveiðiám. Fækkun veiddra laxa er þó ekki einskorðuð við Vatnsdalsá því svipað ástand á við um aðrar helstu laxveiðiár í Húnavatnssýslu. Undanfarni átta ár hefur veiði í Víðidalsá, Laxá á Ásum og Svartá verið undir langtímameðaltali og flest þessi ár einnig í Miðfjarðará. Árið 2023 var stangveiði á villtum löxum á Íslandi 25.665 laxar sem er með því lægsta sem sést hefur frá því samræmd skráning var tekin upp árið 1974 (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2024). Talsverð aukning varð í heildarfjölda stangveiddra laxa milli árána 2023 og 2024, þegar skráðir voru 35.826 laxar í stangveiði á Íslandi (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2025). Bæði árin var fjöldi laxa í stangveiði á Íslandi þó undir meðalveiði árána 1974 – 2024 og hefur verið undir meðalveiði síðustu sex ár eða frá árinu 2018 þegar fjöldi stangveiddra laxa var rétt yfir meðaltali. Fjöldi þeirra laxa sem ganga í ár er bæði háður fjölda seiða sem ganga til sjávar eftir uppvöxt í ferskvatni og afkomu laxa í hafi og endurheimtur þeirra eftir sjávardvöl. Þar sem minnkun í laxveiði á sér einnig stað í öðrum laxveiðiám á nálægu svæði má teljast

líklegt að um sameiginlega áhrifapætti sé að ræða. Almenn hefur dánartala laxa í Norður Atlantshafi aukist en ástæður þess eru ekki þekktar. Þættir eins og loftslagsbreytingar (hitastig, fæða o.fl.), meðafli, afrán og áhrif fiskeldis hafa verið nefndir sem mögulegar ástæður fyrir minni endurheimtum úr sjó (ICES 2020). Ljóst er að aðstæður í hafi skipta miklu máli og greining á hreistri laxa úr Norðurá í Borgarfirði hafa sýnt hámarktækt samband á milli vaxtar laxa á fyrsta sumri í sjó og fjölda smálaxa í veiði árið eftir (Ásta Kristín Guðmundsdóttir o.fl. 2025a). Síðustu árin hefur vöxtur laxa á fyrsta sumri í sjó verið undir meðaltali.

Eftir að seiðavísitala 0⁺ laxaseiða náði hámarki árið 2017 hefur hún lækkað stöðugt síðustu sex árin og árið 2023 var hún 47% undir meðaltali áranna 2001-2023. Svipaða sögu má segja um 1⁺ seiðin en seiðavísitala þeirra náði hámarki árin 2017 og 2018, en hefur síðan verið á niðurlæð fyrir utan árið 2021. Eldri seiði (2⁺ og 3⁺) hafa ekki sýnt sömu þróun og sveiflurnar eru almennt minni í eldri árgöngum. Þéttleiki yngstu tveggja árganga laxaseiða hefur verið áberandi mestur á neðstu stöðinni, Skriðuvaði, síðastliðinn áratug en þar hafa einnig verið mestu sveiflur í vísitölu seiðapétteleika. Skriðuvað er eina sýnatökstöðin neðan Flóðsins. Samkvæmt greiningum á hreistri af fullorðnum laxi, var hæsta hlutfall hans að ganga til sjávar sem gönguseiði eftir þrjú ár í fersku vatni, en það eru seiði sem koma fram sem 2⁺ í rafveiði síðsumars árið áður. Einnig hefur nokkur hluti göngulaxa dvalið fjögur ár í ánni fyrir sjávargöngu, en lítill hluti laxaseiða gengur til sjávar eftir tvö ár í ánni þó hlutfall þess aldurshóps hafi verið óvenju hátt árið 2024. Þegar verið er að meta mögulega fjölda gönguseiða ætti því að leggja áherslu á að skoða vísitölu þéttleika 2⁺ og eldri seiða, þ.e. seiða sem náð hafa lágmarksstærð (um 9,5 cm) að hausti til að geta gengið til sjávar vorið eftir.

Það er athyglisvert að á svipuðum tíma og vísitala þéttleika yngstu aldurshópa laxaseiða fór vaxandi á flestum stöðvum í Vatnsdalsá upp úr 2010, þá jókst einnig þéttleiki urriðaseiða mikið, sérstaklega yngsta aldurshópsins (Viðauki 2). Í yngsta aldurshópi urriðaseiða varð aukning í fjölda á öllum stöðvum nema stöðvunum við Skriðuvað og í Álku en á þeim stöðvum hafa mjög fá urriðaseiði veiðst á því tímabili sem rannsóknir ná yfir. Stöðin í Álku og stöðin við Skriðuvað eru mjög ólíkar hvað varðar vatnshita, seiðapétteleika og staðsetningu innan vatnasviðsins og ekki verður í fljótu bragði séð hvað veldur því að þar fjölga urriðaseiðum ekki á sama hátt og á öðrum stöðvum innan Vatnsdalsár. Aukning í þéttleika urriðaseiða undanfarin ár hefur sést í fleiri ám þar sem laxa- og urriðaseiði deila svæðum, t.d. í Laxá í Leirársveit (Ásta Kristín Guðmundsdóttir o.fl. 2025b). Frá árunum í kringum 2007 hefur einnig orðið aukning á fjölda veiddra urriða í ám á NV- og NA-landi en í öðrum landshlutum hefur sambærileg aukning ekki komið fram (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2024). Mikilvægt er að greina frekar tiltæk gögn úr rafveiðum til að sjá á landsvísi breytingar í útbreiðslu og þéttleika urriðaseiða en samkvæmt veiðitölum virðist urriða hafa fjölgað á Norðurlandi og þar virðist útbreiðsla hans að aukast á sama tíma og urriðaveiði hefur heldur dregist saman á Suðurlandi þar sem urriðastofnar (sjóbirtingur) hafa verið einna sterkastir á síðastliðnum áratugum. Vatnshiti við Skriðuvað er töluvert hærri en ofar í kerfinu (Álku) ef miðað er við vor og sumarmánuði (apríl-júlí) og munurinn á meðalhita áranna 2019-2023 allt frá 1,9-3,0°C. Viðstöðutími vatns í Flóðinu gerir það að verkum að vatnshiti neðan við Flóðið er herra yfir sumarmánuðina, sérstaklega á sólríkum dögum. Einnig er líklegt að lífræn framleiðsla sé mikil í Flóðinu sem skilar sér í auknu fæðuframboði fyrir seiði laxfiska í og neðan við útfall þess. Herra hitastig, fæðuframboð og hentug botnngerð gera það að verkum að laxaseiðin sem veiðast á Skriðuvaði eru alla jafna stærri en á öðrum stöðvum og virðist mikill þéttleiki seiða á stöðinni við Skriðuvað ekki hafa neikvæð áhrif á vöxt þeirra.

Á síðustu árum hefur áhersla verið aukin á vöktun laxastofna vegna mögulegrar erfðablöndunar vegna strokulaxa úr sjókvíaeldi, m.a. með fjölgun myndavélateljara. Vöktunin tekur einnig til annarra þátta eins og greiningu á hreistursýnum og erfðagreiningum á seiðum og líklegum strokulöxum. Árið 2023 var metár hvað fjölda strokulaxa í íslenskum ám varðar og mátti rekja stóran hluta þeirra til eins atburðar, stroks úr eldiskví í Kvígindisdal sumarið 2023. Fjöldi veiddra strokulaxa íslenskum veiðiám það sumar og haust hafði aldrei verið meiri. Alls bárust 465 laxar til greiningar hjá Hafrannsóknastofnun og af þeim hafa 440 verið staðfestir með eldisuppruna, þar af 421 úr strokinu úr Kvígindisdal í Patreksfirði sumarið 2023. Í Vatnsdalsá veiddust 18 strokulaxar haustið 2023 sem staðfestir voru með uppruna úr eldi, 17 þeirra komu úr áðurnefndu stroki en einn úr eldra stroki (Fjóla Rut Svavarsdóttir o.fl. 2024). Þetta sýnir mikilvægi þess að vera á varðbergi gagnvart eldiseinkennum og koma fiskum sem grunur liggur á að komi úr eldi til rannsóknar og frekari greiningar. Hreisturgreiningar gegna einnig mikilvægu hlutverki en auk greininga á lífssögu fiska er í mörgum tilfellum hægt að greina erfðaefni úr hreistursýnum. Erfðasýni af laxaseiðum hafa verið tekin reglulega síðustu ár samhliða seiðarannsóknunum í Vatnsdalsá og var það einnig gert árið 2023. Ekki greindist erfðablöndun við eldislax úr sýnum af 93 laxaseiðum árið 2023 og samkvæmt niðurstöðum árána 2017 (n=41), 2020 (n=104) og 2021 (n=82) greindist ekki erfðablöndun í Vatnsdalsá þessi ár (Leó Alexander Guðmundsson 2023 o.fl., Fjóla Rut Svavarsdóttir o.fl. 2025). Að auki voru tekin sýni af 32 laxaseiðum (0+) í seinni hluta október 2024 í sérstöku átaki sem ráðist var í vegna slyasleppingar árið 2023. Þau seiði eru úr hrygningu haustið 2023 og ekki kom fram erfðablöndun við eldislax af norskum uppruna í þeim sýnum (Fjóla Rut Svavarsdóttir o.fl. 2025). Tekin voru erfðasýni af um 100 laxaseiðum haustið 2025 en niðurstöður liggja ekki fyrir um uppruna þeirra.

Árið 2023 bárust Hafrannsóknastofnun 47 hreistursýni af laxi úr veiðinni í Vatnsdalsá og 40 hreistursýni bárust árið 2024. Ásamt því að gegna hlutverki í vöktun vegna erfðablöndunar gefur greining hreistursýna mikilvægar upplýsingar um lífsferla laxa, árgangaskiptingu og aldur við sjávargöngu, auk þess að hægt er að bakgreina vöxt í ferskvatni og sjó. Með hreisturgreiningu er þannig hægt að greina samsetningu hrygningarstofns og úr hvaða klakárgangi viðkomandi fiskar eru upprunnir. Mikilvægt er að áfram séu tekin hreistursýni úr Vatnsdalsá, ekki síst til þess að staðfesta aldur við sjávargöngu laxaseiða og auka öryggi við samanburð á gönguseiðaaldri milli ára.

Hlutfall veiða og sleppa er mjög hátt í Vatnsdalsá og hrygningarstofn laxins því nálægt því að vera eins stór og hann mögulega getur orðið miðað þær umhverfisaðstæður sem mótað hafa hann í ferskvatni og sjó. Í Vatnsdalsá eru einnig stórir stofnar urriða og bleikju sem eru í samkeppni um fæðu og búsvæði. Að öllu jöfnu ætti laxinn að vera ríkjandi í þeirri samkeppni. Mikilvægt er að passa vel upp á umhverfi Vatnsdalsár og halda öllu raski í og við ána í lágmarki á sama tíma og nýting fiskstofna sé með langtíma hagsmuni að leiðarljósi eins og gert hefur verið hingað til.

Þakkarorð

Veiðifélagi Vatnsdalsár og leigutökum árinna er þakkað kærlega fyrir samstarfið í gegnum árin. Ingi Rúnar Jónsson las yfir handrit og færði margt til betri vegar.

Heimildir

Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson. (2025a). Norðurá í Borgarfirði 2024 - Vöktun á stofnum laxafiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-15. 27 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson. (2025b). Vatnasvæði Laxár í Leirársveit 2024. Vöktun á stofnum laxfiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-12. 29 bls.

Bagenal TB og Tesch FW. (1979). Age and growth. Í: T.B. Bagenal (ritstj.). Methods for assessment of fish production in freshwaters. Bls. 101-136. IBP handbook No. 3. Blackwell. Oxford.

Fjóla Rut Svavarsdóttir, Guðni Guðbergsson, Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Leó Alexander Guðmundsson, Sigurður Már Einarsson og Sigurður Óskar Helgason. (2024). Samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxastofna 2023. Hafrannsóknastofnun. HV 2024-29. 29 bls.

Fjóla Rut Svavarsdóttir, Guðni Guðbergsson, Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Leó Alexander Guðmundsson, Sigurður Már Einarsson og Sigurður Óskar Helgason. (2025). Samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxastofna 2024. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-26. 20 bls.

Friðþjófur Árnason, Þórólfur Antonsson og Sigurður M. Einarsson. (2005). Evaluation of single-pass electric fishing to detect changes in population size of Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) juveniles. Icelandic Agriculture Sciences. 18, pp 67-73.

Friðþjófur Árnason. (2020). Seiðaástand og stangveiði í Vatnsdalsá árin 2018 og 2019. Hafrannsóknastofnun. HV 2020-37. 41 bls.

Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. (2024). Lax- og silungsveiðin 2023. Hafrannsóknastofnun. HV 2024-27. 39 bls.

Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. (2025). Lax- og silungsveiðin 2024. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-28. 37 bls.

ICES. (2020). Working Group on North Atlantic salmon (WGNAS). ICES Scientific Reports. 2:21. 358 pp. <http://doi.org/10.17895/icex.pub.5973>.

Leó Alexander Guðmundsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Sten Karlsson, Hlynur Bárðarson, Ingerid Julia Hagen, Áki Jarl Láruson, Sæmundur Sveinsson, Davíð Gíslason og Kevin Glover. (2023). Erfðablöndun villts íslensks lax (*Salmo salar*) og eldislax af norskum uppruna. Hafrannsóknastofnun. HV 2023-25. 74 bls.

Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson. (2008). Búsvæðamat fyrir lax í Vatnsdalsá, Húnavatnssýslu. Veiðimálastofnun. VMST/08031. 14 bls.


Sigurjón Rist. (1990). Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.

Skoglund H. , Wiers T. , Landro Y. , Kambestad M. og Guðmundsson L. A. 2023. Field report for snorkeling surveys and removal of escaped farmed salmon in 13 rivers in Iceland 2023. NORCE Norwegian Research Centre. LFI-report nr. 502. 24 bls.

Viðauki 1

Vísitala á þéttleika (fjöldi/100m) laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám skipt eftir stöðvum og aldri árin 1998 – 2024.


Index of juvenile densities (number/100m²) of Atlantic salmon juveniles by sampling station and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries the years 1998 – 2024.



Viðauki 2

Vísitala á þéttleika (fjöldi/100m) urriðaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám skipt eftir stöðvum og aldri árin 1998 – 2024.

Index of juvenile densities (number/100m²) of Brown trout juveniles by sampling station and age classes in river Vatnsdalsá and tributaries the years 1998 – 2024.





HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna